

AUGLÝSING

um samkomulag um afdrátt skatts, sbr. 20. gr. í samningi frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sbr. viðbótarsamning við samninginn frá 11. júní 1980.

Til framkvæmdar á samningi frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum hefur verið gert svofellt samkomulag samkvæmt 20. grein:

1. Hafi einstaklingur með búsetu í aðildarríki (búseturíkinu) tekjur af vinnu sem um eitt eða fleiri tímaskeið er unnin í öðru aðildarríki eða á landgrunni þess (vinnuríkinu) og telji búseturíkið að vinnan muni ekki taka meira en 183 daga samanlagt á viðkomandi almanaksári og að endurgjaldið sé greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda með búsetu í því ríki, skal staðgreiðsluskattur inntur af hendi til búseturíkisins. Skattyfirvald í vinnuríkinu skal þá ekki krefja um staðgreiðsluskatt, enda sé með skriflegri tilkynningu frá skattyfirvaldi í búseturíkinu leitt í ljós, að afdráttur vegna staðgreiðsluskatts fari fram þar. Ef vinnuríkið fellst á mat búseturíkisins samkvæmt fyrsta málslið getur vinnuríkið látið hjá líða að krefja um staðgreiðsluskatt, enda þótt ekki hafi verið send tilkynning samkvæmt öðrum málslið.

Fari afdráttur vegna staðgreiðsluskatts ekki lengur fram í búseturíkinu skal skattyfirvald þar jafnskjótt og því verður um það kunnugt gera skattyfirvaldi í vinnuríkinu viðvart. Ákvæðum fyrstu málsgreinar skal ekki beitt ef skattyfirvald í búseturíkinu telur, að greitt endurgjald sé runnið frá fastri atvinnustöð eða varanlegri aðstöðu í vinnuríkinu.

2. Sé endurgjald sem um ræðir í 1. tölulið greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda, sem hvorki hefur búsetu í vinnuríkinu eða í búseturíki starfsmannsins, má krefja um staðgreiðsluskatt í vinnuríkinu. Skattyfirvald í búseturíkinu skal þegar svo háttar láta hjá líða að krefjast afdráttar vegna staðgreiðsluskatts eftir að tilkynning hefur borist frá skattyfirvaldi í vinnuríkinu um að staðgreiðsluskattur sé eða muni verða inntur af hendi þar.
3. Telji skattyfirvald í vinnuríkinu, að um sé að ræða útleigu vinnuafis, má innheimta staðgreiðsluskatt þar. Starfsmaður sem um ræðir í 1. tölulið, skal teljast leigður út, ef einhver aðili (leigusali) lætur hann í té til að inna af hendi vinnu í atvinnurekstri annars aðila (vinnukaupa) í vinnuríkinu og leigusalinn ber ekki ábyrgð á né tekur áhættu af árangri vinnunnar.

Til að meta hvort starfsmaður skuli teljast leigður út skal leggja heildarmat á málið og hafa þá sérstaka hliðsjón af hvort:

- a) ædsta vinnustjórn er á höndum vinnukaupa,
- b) starfið er unnið á vinnustað sem vinnukaupi hefur til ráðstöfunar og ber ábyrgð á,
- c) endurgjald til leigusala er ákveðið á grundvelli þess tíma sem vinnan hefur tekið eða með hliðsjón af öðru sambandi milli greiðslunnar og þess endurgjalds er starfsmaðurinn fær,
- d) meginhluti verkfæra og efnis er látinn í té af vinnukaupa og
- e) leigusali ákveður ekki einhliða fjölda starfsmanna og hvaða hæfniskröfur skuli gerðar til þeirra.

Skattyfirvald í vinnuríkinu skal tilkynna skattyfirvaldi í búseturíkinu um að staðgreiðsluskattur sé inntur af hendi í vinnuríkinu. Hafi slík tilkynning borist skal búseturíkið ekki krefja um staðgreiðsluskatt af tekjunum.

4. Ef skattyfirvald í aðildarríki, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum skal láta hjá líða að krefja um staðgreiðsluskatt, fellst ekki á úrskurð skattyfirvalds í öðru aðildarríki,

skal málinu ráðið til lykta með samkomulagi milli bærra stjórnvalda í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

Komi bær stjórnvöld sér ekki saman um annað skal þar til niðurstaða hefur fengist í málinu ekki krafið um skatt í

- a) vinnuríkinu, í þeim tilvikum er leysa skal úr málinu samkvæmt ákvæðum 1. töluliðar;
- b) búseturíkinu, í þeim tilvikum er ráða skal málinu til lykta samkvæmt ákvæðum 2. og 3. töluliðar.

Hafi staðgreiðsluskattur verið inntur af hendi í báðum ríkjunum af sömu tekjum, skal það ríki er samkvæmt ákvæðum þessa töluliðar á ekki að krefja um skatt, endurgreiða innborgaða fjárhæð.

5. Sé með tilkynningu frá vinnuveitanda eða með öðrum hætti leitt í ljós, að forsendur fyrir afdrætti í búseturíki vegna skatts samkvæmt 1. tölulið séu ekki lengur fyrir hendi eða slíkur afdráttur fari ekki fram, má frá þeim tíma krefjast afdráttar í vinnuríkinu vegna staðgreiðsluskatts. Skal þá skattyfirvald í vinnuríkinu fyrst gera skattyfirvaldi í búseturíkinu viðvart um hinar breyttu aðstæður og að krafið verði um skatt í vinnuríkinu. Krefjist skattgreiðandi endurgreiðslu á skatti sem inntur hefur verið af hendi í einu ríkjanna skal endurgreiðslu frestað þar til skattyfirvald í hinu ríkinu sem í hlut á hefur gengið úr skugga um að tekjurnar eigi ekki að skattleggjast í síðarnefnda ríkinu. Eigi tekjurnar að skattleggjast í síðarnefnda ríkinu, skal skattyfirvald í ríkinu þar sem skatturinn var inntur af hendi tilkynna skattyfirvaldi í hinu ríkinu hið fyrsta hvaða fjárhæð hafi verið innt af hendi í staðgreiðsluskatt. Yfirfærsla skattsins skal fara fram samkvæmt ákvæðum 9. töluliðar.
6. Í tilkynningum samkvæmt 1.—5. tölulið skal greina
 - a) nafn starfsmanna, fæðingardag og heimilisfang, svo og skattlagningarstað í báðum ríkjunum.
 - b) nafn vinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjunum og
 - c) fyrir hvaða tímabil staðgreiðsluskattur hafi verið inntur af hendi.
 Í tilkynningum skal eftir því sem kostur er á einnig greina nafnnúmer starfsmanns og vinnuveitandanúmer vinnuveitandans ásamt hugsanlegu nafnnúmeri í báðum ríkjunum. Telji skattyfirvald að upplýsingar þær sem látnar hafa verið í té samkvæmt fyrstu málsgrein séu svo ófullkomnar, að þær nægi ekki til úrskurðar um að afdráttur vegna staðgreiðsluskatts skuli ekki fara fram, skal skattyfirvaldi í hinu ríkinu þegar í stað skýrt frá því.
7. Ákvæði 1.—4. töluliðar hér að framan um rétt til undanþágu frá því að inna af hendi staðgreiðsluskatt hafa ekki áhrif á aðrar skyldur samkvæmt innlendri löggjöf, t. d. upplýsingaskyldu.
8. Hafi staðgreiðsluskattur samkvæmt 5. tölulið verið innheimtur í vinnuríkinu, skal skattyfirvald í því ríki gera skattyfirvaldi í búseturíkinu viðvart jafnskjótt og því hefur borist vitneskja um að vinnunni sé lokið.
9. Hafi verið úrskurðað, að tekjur sem um ræðir í 1. tölulið skuli skattlagðar í öðru ríki en því, sem staðgreiðsluskattur var innheimtur í, skal að beiðni bærs stjórnvalds í fyrrnefnda ríkinu yfirfæra innborgaðan staðgreiðsluskatt til hlutaðeigandi skattyfirvalds í því ríki til frádráttar álögðum skatti af tekjunum.
10. Tilkynningar samkvæmt samkomulagi þessu skulu sendar um hendur bærra stjórnvalda í aðildarríkjunum, svo framarlega sem þau ákveða ekki annað. Bær stjórnvöld geta samið um nánari framkvæmd ákvæða þessa samkomulags.
11. Með skatti er í samkomulagi þessu átt við tekjuskatt sem fellur undir gildandi tvísköttunarsamninga milli aðildarríkjanna.

12. Samningur þessi nær ekki til tekna sem aflað er af manni sem búsettur er í sveitarfélagi í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og mörk þess liggja að landamærum Finnlands og Noregs, Finnlands og Svíþjóðar eða Noregs og Svíþjóðar, fyrir vinnu sem innt er af hendi í þess konar sveitarfélagi í einhverju þessara ríkja.
13. Samkomulag þetta öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er bær stjórnvöld í öllum aðildarríkjunum hafa undirritað það, og skal það koma til framkvæmda við afgreiðslu erinda sem borist hafa eftir gildistöku til bærs stjórnvalds í því ríki sem erindi er beint til.

Samkomulag þetta er gert í sex eintökum á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, þar af tveimur á sænsku, öðru fyrir Finnland en hinu fyrir Svíþjóð, og skulu allir textarnir jafngildir.

Stockholm, den 24 juni 1982.

Kurt Malmgren.

København, den 21. juli 1982.

Jens Rosman.

Helsingfors, den 11. august 1982.

Mauno Forsman. Hillel Skurnik.

Reykjavík, 27. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds. Árni Kolbeinsson.

Oslo, den 22. september 1982.

Arne Scheel.

Framangreint birtist hér með öllum hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirtöldum fasteignum ásamt lóðaréttindum:

1. **Hvanneyrarbraut 68b**, að hluta í eign Gísla J. Eliássonar, Margrétar Steingrímsdóttur og Halldóru Matthíasdóttur.
2. **Hvanneyrarbraut 76**, (Hvanneyrabakki), eign Vigfúsar Friðjónssonar.
3. **Hvanneyrarkrókur III**, eign Skeljungs hf.